

## Fundargerð 82. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

Haldinn föstudaginn 24. janúar 2025, kl. 09:00 í fundarsal SSS.

Mætt eru: Fannar Jónasson, Árni Sigfússon, Valgerður B. Pálsdóttir, Guðrún P. Ólafsdóttir, Arnbjörn Ólafsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Þuríður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Forföll: Magnús Stefánsson

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Valgerður B. Pálsdóttir var kjörin formaður f.h. Reykjanesbæjar. Guðrún P. Ólafsdóttir var kjörin varafomaður f.h. sveitarfélagsins Voga.

#### 2. Gunnuhver – Reykjanesviti: Tenging vegar um Gunnuhver, vega/upplýsingamerkingar

Mikilvægt er að tryggja jafnvægi milli ferðaþjónustu og annarrar atvinnustarfsemi á svæðinu umhverfis Reykjanesvita. Stjórn felur verkefnastjóra að undirbúa minnisblað um tengingu vegar um Gunnuhver ásamt stefnumótun og skipulag svæðisins umhverfis Reykjanesvita og Gunnuhver. Minnisblað þar sem stjórn Reykjanes jarðvangs ályktar um mikilvægi þess að kalla að borðinu alla hagaðila á svæðinu umhverfis Reykjanesvita er varðar aðgengi, vegi, athafnir ofl. til að tryggja að ferðaþjónusta og atvinnustarfsemi geti verið þar saman í sátt og samlyndi. Þá þurfi að huga að kanna aðrar leiðir fyrir aðkomuvegi að svæðinu sér í lagi vegna þeirra framkvæmda sem áætlaðar eru í tengslum við landeldi Samherja. Minnisblaðinu er ætlað að tryggja það að málid fái eðlilega umfjöllun og afgreiðslu innan sveitarfélaganna RNB og GRB.

Einnig var rætt mikilvægi þess að koma fyrir t.d. upplýsingaskiltum sem útskýra atvinnustarfsemi á svæðinu með áherslu á sjálfbærni, menningu og sögu og sérstöðu þessa svæðis.

#### 3. Erindi: Samningur GeoCamp Iceland og Reykjanes jarðvangs (RGP) - útfærslu á samningi til loka 2026

- Mikil ánægja með samstarfið, og þau verkefni og árangur sem það hefur skilað.
- Farið yfir erindið og rætt um mikilvægi þess að halda áfram þessari tenginu við yngri kynslóðina til að kynna Reykjanes jarðvang fyrir íbúum.
- Þá var einnig fjallað um mikilvægi þess að trúverðugleiki þessara verkefna og tengsla sem skapast hafa haldist í hendur við að tryggja áframhaldandi samsstarf.
- Verkefnastjóra og Geocamp Iceland falið að útbúa viðauka við gildandi samning sem kveður á um áframhaldandi samstarf og upptalningu á verkefnum sem bæst hafa við samninginn.

### Önnur mál

Stjórn Reykjanes jarðvangs ákvað að stjórnarfundir verði framvegis síðasta mánudag hvers mánaðar kl. 09:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:10